

Ársskýrsla

Fangelsismálastofnunar ríkisins

2002

Desember 2003

	Bls.
Formáli	7
I. FJÁRHAGUR OG STARFSEMI FANGELSISKERFISINS	9
I. 1 REKSTRARKOSTNAÐUR EINSTAKRA LIÐA, STARFSEMI OG STARFSMENN	10
Yfirstjórn	11
I. 2 FANGELSIN	11
Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu	11
Fangelsið Litla-Hrauni	12
Skólalald í Fangelsinu Litla-Hrauni	12
Fangelsið Kvíabryggju	13
Fangelsið Akureyri	13
I. 3 FANGAVARÐASKÓLI RÍKISINS	13
II. ÝMSAR TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR	14
II. 1 LEYFI ÚR FANGELSI	14
II. 2 ÁFENGIS- OG FÍKNIEFNAMEDFERÐ Í AFPLÁNUN	14
II. 3 STROK OG STROKILRAUNIR ÚR FANGELSI	15
III. FULLNUSTA REFSIDÓMA	16
III. 1 AFPLÁNUN HJÁ FÉLAGASAMTÖKUNUM VERND	16
III. 2 SAMFÉLAGSPJÓNUSTA	16
III. 3 TÖLULEGT YFIRLIT UM DÓMA OG ÞRÓUN DÓMAFULLNUSTU	22
Tafla 1.1 TEGUNDIR REFSINGA SEM BÁRUST FANGELSISMÁLASTOFNUN TIL FULLNUSTU ÁRIN 1998 - 2002	30
Tafla 1.2 TEGUNDIR REFSINGA, SEM BÁRUST FANGELSISMÁLASTOFNUN TIL FULLNUSTU, ÞAR SEM DÓMPOLAR ERU 15 – 17 ÁRA VIÐ UPPKVAÐNINGU DÓMA, VIÐURLAGAÁKVARÐANA OG ÁRITAÐRA SEKTARBOÐA ÁRIN 1998 – 2002	31
Tafla 2.1 SKIPTING DÓMPOLA, SEM DÆMDIR HAFA VERIÐ Í ÓSKILORÐSBUNDNA FANGELSISREFSINGU, Í LOK HVERS ÁRS ÁRIN 1998 – 2002	32
Tafla 2.2 FJÖLDI FANGA SEM AFPLÁNAR VARAREFSINGU FÉSEKTA OG SÆTIR GÆSLUVARÐHALDI Í LOK ÁRANNA 1998 - 2002	32
Tafla 3a) ALDURSSKIPTING FANGA SEM LUKU AFPLÁNUN EÐA VORU Í AFPLÁNUN UM ÁRAMÓT ÁRIN 1998 – 2002	33
Tafla 3b) ALDURSSKIPTING ÞEIRRA SEM LUKU SAMFÉLAGSPJÓNUSTU Í STAÐ ÓSKB. FANGELSISREFSINGAR, RUFU EÐA VORU Í SAMFÉLAGSPJÓNUSTU UM ÁRAMÓT ÁRIN 1998 – 2002	33

Tafla 4a)	TILEFNI FANGAVISTAR ÁRIN 1998 – 2002	34
Tafla 4b)	AFBROT ÞEIRRA SEM LUKU SAMFÉLAGSPJÓNUSTU Í STAÐ ÓSKB. FANGELSIREFS., RUFU EÐA VORU Í SAMFÉLAGSPJÓNUSTU UM ÁRAMÓT ÁRIN 1998 – 2002	34
Tafla 5	FJÖLDI ÓSKILORÐSBUNDINNA FANGELSI- OG VARÐHALDSREFSINGA, SEM BARST TIL FULLNUSTU MIÐAÐ VIÐ LENGÐ REFSITÍMA ÁRIN 1998 – 2002	35
Tafla 6a)	FJÖLDI DÓMPOLA SEM HÓFU SAMFÉLAGSPJÓNUSTU INNAN HVERS ÁRS ÁRIN 1998 – 2002	35
Tafla 6b)	KYNJASKIPTING DÓMPOLA SEM HÓFU SAMFÉLAGSPJÓNUSTU INNAN HVERS ÁRS ÁRIN 1998 – 2002	36
Tafla 7	FANGAR SEM LUKU AFPLÁNUN ÁRIN 1998 – 2002	37
	a) Ástæða losunar	37
	b) Fyrsta afplánun eða afplánað áður	37
	c) Lengd afplánunar	37
	d) Skipting eftir kynjum	37
Tafla 8	DAGAFJÖLDI VEGNA AFPLÁNUNAR ÁRIN 1998 – 2002 ÁSAMT DAGAFJÖLDA VEGNA GÆSLUVARÐHALDS OG VARAREFSINGA. NÝTING ÁRIN 1998 - 2002	38
	a) Fjöldi afplánunardaga	38
	b) Fjöldi gæsluvarðhaldsdaga	38
	c) Fjöldi daga í vararefsingu féseкта	39
	d) Meðaltalsfjöldi allra fanga á dag	39
	e) Nýting	39
Tafla 9	NIÐURFALLIN REFSING ÁRIN 1998 – 2002	40
Tafla 10	VEITING REYNSLULAUSNA ÁRIN 1998 – 2002	40
Tafla 11	SKILORÐSBUNÐNIR DÓMAR ÁRIN 1998 – 2002	
	FJÖLDI DÓMPOLA EFTIR BROTTUM	41
Tafla 12	SEKTARDÓMAR ÁRIN 1998 – 2002	
	FJÖLDI DÓMPOLA EFTIR BROTTUM	41
Tafla 13	ÓSKILORÐSBUNÐNIR DÓMAR ÁRIN 1998 – 2002	
	FJÖLDI DÓMPOLA EFTIR BROTTUM	42
III. 4 FÉSEKTIR OG SAKARKOSTNAÐUR SAMKVÆMT DÓMUM		
	- VIÐURLAGAÁKVARÐANIR - ÁRITUÐ SEKTARBOÐ	42
	A. Fésektir samkvæmt dómum	42
	B. Sakarkostnaður samkvæmt dómum	42
	C. Viðurlagaákvarðanir	42
	D. Árituð sektarboð	43
IV. ÁKÆRUFRESTANIR		
	43	
Tafla 14	AFBROT	46
Tafla 15	NÁM OG STARF	46
Tafla 16	ALDUR	46
Tafla 17	BÚSETA	47
Tafla 18	MENNTUN	47
Tafla 19	HJÚSKAPARSTAÐA FORELDRA	47
Tafla 20	HJÚSKAPARSTAÐA UNGMENNA	48
V. SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA		
	49	

STATISTICAL INFORMATION FROM THE PRISON AND PROBATION ADMINISTRATION (PPA) REGARDING PRISON SENTENCES, FINES AND COMMUNITY SERVICE 51

Table	1.1	PENALTIES IMPLEMENTED BY THE PRISON AND PROBATION ADMINISTRATION (PPA) IN 1998 – 2002	52
Table	1.2	PENALTIES RECEIVED BY THE PPA FOR ENFORCEMENT, RELATING TO PERSONS BETWEEN THE AGES OF 15 – 17 YEARS	53
Table	2.1	CATEGORISATION OF PERSONS WHO HAVE BEEN SENTENCED UNCONDITIONALLY TO A PRISON TERM AT THE END OF EACH YEAR 1998 – 2002	54
Table	2.2	NUMBER OF PRISONERS SERVING PRISON TERMS INSTEAD OF FINES OR ARE IN REMAND CUSTODY AT THE END OF EACH YEAR 1998 – 2002	54
Table	3a)	CLASSIFICATION OF PRISONERS WHO COMPLETED A PRISON TERM OR WERE IN PRISON AT THE END OF EACH YEAR 1998 – 2002	55
Table	3b)	CLASSIFICATION OF PERSONS WHO COMPLETED, FAILED OR WERE ENGAGED IN COMMUNITY SERVICE AS AN ALTERNATIVE TO IMPRISONMENT AT THE END OF EACH YEAR 1998 – 2002	55
Table	4a)	PRISON POPULATION BY OFFENCE GROUP 1998 – 2002	56
Table	4b)	CATEGORISATION OF OFFENCES AT THE END OF EACH YEAR 1998 – 2002 OF PERSONS WHO HAD COMPLETED, FAILED TO COMPLETE OR WERE SERVING COMMUNITY SERVICE AS AN ALTERNATIVE TO IMPRISONMENT	56
Table	5	LENGTH OF PRISON TERMS RECEIVED FOR IMPLEMENTATION 1998 – 2002	57
Table	6a)	NUMBER OF SENTENCED PERSONS GRANTED COMMUNITY SERVICE WITHIN EACH YEAR 1998 – 2002	57
Table	6b)	CATEGORISATION BY GENDER OF SENTENCED PERSONS GRANTED COMMUNITY SERVICE WITHIN EACH YEAR 1998 – 2002	58
Table	7	PRISONERS DISCHARGED FROM PRISON 1998 – 2002	59
Table	8	NUMBER OF DAYS SERVED DURING 1998 – 2002 – UTILISATION OF PRISON PLACES DURING 1998 – 2002	60
Table	10	RELEASES ON PROBATION 1998 – 2002	62
Table	11	CONDITIONALLY SUSPENDED SENTENCES RECEIVED BY THE PPA 1998 – 2002 BY TYPE OF OFFENCE	63
Table	12	FINES IMPOSED BY JUDGEMENT RECEIVED BY THE PPA 1998 – 2002 BY TYPE OF OFFENCE	63
Table	13	UNCONDITIONAL IMPRISONMENT RECEIVED BY THE PPA 1998 – 2002 BY TYPE OF OFFENCE	64

Formáli

Árið 2001 varð verulegur halli á rekstri fangelsiskerfisins. Í upphafi árs 2002 var fyrir séð að fjárveitingar ársins myndu ekki duga fyrir venjubundnum rekstri, þ.e. að öll fangelsi yrðu opin allt árið og því síður að afgangur yrði til að greiða niður halla fyrri árs. Öll rekstrarútgjöld voru skoðuð ítarlega í því skyni að kanna hvar unnt væri að draga úr útgjöldum. Í byrjun árs var ákveðið að loka tveimur fangadeildum á Litla-Hrauni, alls 22 fangaplássum í fimm mánuði, í því skyni að lækka útgjöld. Ljóst var að fækka þyrfti föngum áður en unnt væri að loka framangreindum fangaplássum og þegar í marsmánuði var verulega dregið úr boðun dómpöla í afplánun. Þegar boðun dómpöla hófst á ný um haustið hafði ófullnustuðum dómum fjölgað um helming. Hafði þetta veruleg neikvæð áhrif á alla starfsemi stofnunarinnar allt árið og langt fram eftir árinu 2003. Auk þess að lækka útgjöld með lokun framangreindra fangaplássna var fjárhagsvanda mætt með auka-fjárveitingu sem fékkst í fjárukaalögum til reksturs ársins 2002 og til að eyða halla ársins 2001.

Öll starfsemi ársins mótaðist mjög af framangreindum fjárhagsvandráðum og umfjöllun um til hvaða úrræða væri hægt að grípa til að laga rekstur og starfsemi stofnunarinnar að fjárveitingum.

Auk umfjöllunar um fjárhag og starfsemi fangelsiskerfisins eru í ársskýrslu Fangelsismálastofnunar fyrir árið 2002 ítarlegar tölulegar upplýsingar um fullnustu refsinga og umfjöllun um þær.

Þorsteinn A. Jónsson

I. FJÁRHAGUR OG STARFSEMI FANGELSISKERFISINS

Í fjárlögum ársins 2002 var gert ráð fyrir því að heildarútgjöld fangelsiskerfisins til reksturs Fangelsismálastofnunar og fangelsanna svo og til annarra útgjalda vegna fullnustu dóma yrðu 617,6 m.kr. á móti 564,7 m.kr. á árinu 2001. Gert var ráð fyrir að aflað yrði sértekna að upphæð 61,8 m.kr. þannig að framlag til stofnunarinnar var 555,8 m.kr. en árið 2001 var framlagið 505,3 m.kr. Taflan hér fyrir neðan sýnir mismun milli fjárlaga árána 2001 og 2002 (í m.kr.):

Tafla 1	2001	2002	Breyting
Heildargjöld:	564,7	617,6	52,9
Sértekjur:	-59,4	-61,8	-2,4
Framlag:	505,3	555,8	50,5

Skýringar hækkunar framlags í fjárlögum eru eftirfarandi: Gert var ráð fyrir 5,0 m.kr. hækkun á framlagi til rekstrar Fangavarðaskóla ríkisins. Samkvæmt reglugerð um menntun fangavarda og skilyrði þess að vera ráðinn fangavörður er Fangelsismálastofnun skylt að starfrækja Fangavarðaskóla ríkisins, sem veiti fangavörðum almenna menntun um hlutverk fangelsa og starfsemi þeirra, svo og sérmenntun í mismunandi greinum fangavörslunnar. Tveggja m.kr. framlag var ætlað til þess að mæta auknum kostnaði vegna vinnslu áritaðra sektarboða og endanlegs frágangs áritaðra sektarboða og viðurлагаákvæðana. Við þetta bættist hækkun vegna launa- og verðlagsbreytinga.

Með fjárákalogum var fjárheimild Fangelsismálastofnunar hækkuð um 25,0 m.kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar m.a. 5,6 m.kr. vegna stækkunar húsnæðis stofnunarinnar. Á grundvelli bókonar 2 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og starfsmannafélags ríkisstofnana var Fangelsismálastofnun úthlutað 9.266.000 kr. til að bæta kjör þeirra sem lakast voru settir og á árinu 2002 komu 3/12 hlutar af fjárhæðinni eða 2,3 m.kr. til ráðstöfunar. Ennfremur var stofnuninni veitt 46,0 m.kr. framlag til þess að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla.

Þegar tekið hafði verið tillit til rekstrarniðurstöðu ársins á undan urðu endanlegar fjárheimildir Fangelsismálastofnunar á árinu 2002 655,8 m.kr. Heildarútgjöld numu 641,7 m.kr. og afgangur af heimildum var 14,1 m.kr. Til samanburðar var endanleg fjárheimild stofnunarinnar á árinu 2001, 593,3 m.kr. en heildarútgjöld 638,9 m.kr. eða 45,6 m.kr. umfram heimildir. Tafla 2 sýnir mismun fjárheimilda, gjalda og tekna fyrir árin 2001 og 2002 svo og greiðslustöðu í árslok (í m.kr.):

Tafla 2	2001	2002	Breytingar
Fjárheimildir:	547,1	589,1	42,0
Heildarútgjöld:	638,9	641,7	2,8
Sértekjur:	-46,2	-66,7	20,5
Greiðslustaða í árslok:	592,7	575,0	17,7
Mismunur fjárheimilda og greiðslustöðu:	-45,6	14,1	59,7

Á árinu 2001 var rekstrarkostnaður fangelsiskerfisins 71,9 m.kr. umfram fjárveitingar og sértekjur tímabilsins. Helsta ástæðan var veruleg lækkun sértekna vegna samdráttar í framleiðslu númeraplatna, sem er aðaluppistaða í sértekjum fangelsiskerfisins. Á árinu 2002 var því í sparnaðarskygni gripið til þess ráðs að loka 22 fangarýmum á Litla-Hrauni í 5 mánuði og sparað í rekstri eins og hægt var. Sértekjur jukust aftur um rúmar 20 m.kr. milli árana 2001 og 2002. Að teknu tilliti til framangreinds og aukinna fjárheimilda var rekstur fangelsiskerfisins innan fjárheimilda á árinu 2002.

L.1 REKSTRARKOSTNAÐUR EINSTAKRA LIÐA, STARFSEMI OG STARFSMENN

Á árinu 2002 var kostnaðarskipting innan fangelsiskerfisins sem hér segir (í m.kr.):

Tafla 3

	<u>Rekstrarkostnaður</u>	<u>Mism. %</u>
Laun	451,1*	70,3%
Matur	74,0	11,5%
Tölvur, sími o fl.	22,4	3,5%
Húsnæði	34,1	5,3%
Annar kostnaður	60,1	9,4%
Samtals:	641,7	100%

*þar af fangalaun 20,6 m.kr.

Svo sem fram kemur í töflu 3 hér að framan sést að launakostnaður vegur mjög þungt innan fangelsiskerfisins, en hann er liðlega 70% af heildarkostnaði.

Neðangreindar töflur sýna rekstrarkostnað einstakra liða innan fangelsiskerfisins (í m.kr.):

Tafla 4.1

2002

<u>Stofnun:</u>	<u>Rekstrarkostn.</u>	<u>Sértekjur</u>	<u>Gjöld umfram sért.</u>
Fangelsismálastofnun, yfirstjórn	81,6	-0,5	81,1
Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu	150,3	-3,4	146,9
Fangelsið Litla-Hrauni	314,2	-55,2	259,0
Fangelsið Kvíabryggju	55,0	-7,5	47,5
Fangelsið Akureyri	27,0	0,0	27,0
Ýmis fangamál (Vernd)	6,9	0,0	6,9
Fangavarðaskóli ríkisins	6,7	0,0	6,7
Samtals:	641,7	-66,6	575,1

Tafla 4.2

2001

Stofnun:	Rekstrarkostn.	Sértekjur	Gjöld umfram sért.
Fangelsismálastofnun, yfirstjórn	73,9	0,0	73,9
Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu	144,5	-3,8	140,7
Fangelsið Litla-Hrauni	329,8	-33,1	296,7
Fangelsið Kvíabryggju	56,8	-9,3	47,5
Fangelsið Akureyri	20,8	0,0	20,8
Ýmis fangamál (Vernd)	6,4	0,0	6,4
Fangavarðaskóli ríkisins	6,7	0,0	6,7
Samtals:	638,9	-46,2	592,7

Yfirstjórn

Heildarútgjöld yfirstjórnar jukust um rúmar 7,7 m.kr. milli árana 2001 og 2002. Á fyrri hluta ársins fékk Fangelsismálastofnun umtalsvert stærra húsnæði og er útgjalda- aukinn nær alfarið tengdur lagfæringum á húsnæðinu og endurnýjun búnaðar. Ásamt forstjóra starfa þar tveir aðrir lögfræðingar, afbrotfræðingur, guðfræðingur, sálfræðingur, stjórnsmálafræðingur, félagsfræðingur og viðskiptafræðingur auk skrifstofustjóra og fjög- urra fulltrúa. Í árslok 2002 voru 14 starfsmenn í yfirstjórn sem er óbreyttur fjöldi frá árinu áður.

I.2 FANGELSIN

Á árinu 2002 voru fangar vistaðir í 37.633 daga alls eða að meðaltali 103 fangar í fangelsum landsins hvern dag. Er það 4% fækkun milli ára eða sem svarar 4 föngum á dag að meðaltali. Fækkunin tengist aðallega sumarlokun svonefnds Húss 3 á Litla-Hrauni, en vegna hennar voru fangarými til afnota 11% færri en árið áður. Kostnaðaráhrif skamm- tímalokana koma fram í breytilegum kostnaði vegna fanga svo sem fæði en þó fyrst og fremst í launakostnaði við fangavörsluna þar sem færri afleysingmenn þarf að ráða vegna sumarorlofs fangavarda. Sá galli er við skammtímalokun fangelsa að áhrifanna gæti langt út fyrir þann tíma sem lokunin stendur yfir. Aðdragandi að lokun fangelsiseininga er langur og það tekur langan tíma að koma starfsminni í eðlilegan farveg á ný.

Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu

Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu eru tvö, Hegningarhúsið við Skólavörðustíg og Fangelsið Kópavogsbraut 17. Þar starfa samtals 23 fastráðnir starfsmenn. Á vegum fang- elsna á höfuðborgarsvæðinu starfa tveir starfsmenn við fangaflutninga. Á skrifstofu starfar einn skrifstofumaður auk forstöðumanns, sem veitir báðum fangelsunum forstöðu. Í Hegningarhúsinu störfuðu um áramót 10 fastráðnir fangaverðir auk starfsmanns í hluta- starfi við ræstingar. Í Fangelsinu Kópavogsbraut 17 voru um áramót starfandi 9 fastráðnir fangaverðir auk starfsmanns í hlutastarfi við ræstingar.

Í Hegningarhúsinu eru 16 fangarými, þar af tvö fyrir fanga í einangrun. Fangadagar þar voru 4.052, sem er 10,1% fjölgun frá árinu áður. Hegningarhúsið var tekið í notkun

árið 1874 og er því að verða 130 ára gamalt. Það er orðið brýnt að skipta því út fyrir nýrra húsnæði, sem svarar betur kröfum nútímans.

Í Fangelsinu Kópavogsbraut 17 eru 12 fangarými á sumrin en 11 á veturna þegar eitt herbergi er notað sem skólastofa. Þar eru allir kvenfangar vistaðir en jafnframt eru þar vistaðir karlfangar. Fangelsisdagar voru á árinu 3.482 eða 3,3% færri en 2001, þar af voru 2.306 dagar vegna vistunar kvenfanga. Föngum í Fangelsinu Kópavogsbraut hefur gefist kostur á að stunda nám í fangelsinu á vegum Menntaskólans í Kópavogi. Hafa kennarar þaðan komið í fangelsið og kennt að jafnaði tvo tíma í viku í hverri grein. Kennarar voru í fjórum greinum á hvorri önn. Fangar við nám voru 2-5 á árinu 2002.

Heildarútgjöld fangelsa á höfuðborgarsvæðinu jukust um tæpar 6 m.kr. milli árana 2001 og 2002. Launaútgjöld jukust um líðlega 7 m.kr. Önnur útgjöld drógust í heild lítilliga saman. Munar þar mestu um að 2001 var keypt fangaflutningabifreið, en engin sambærileg stærri útgjöld féllu til á árinu 2002.

Sértekjur fangelsa á höfuðborgarsvæðinu af vinnu fanga héldu áfram að dragast saman. Vinna er fyrst og fremst stunduð í Fangelsinu Kópavogsbraut 17 og felst aðallega í ýmsum smáverkefnum fyrir fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu en einnig er rekið þvottahús í fangelsinu. Æ erfiðara reynist að afla verkefna sem uppfylla þau skilyrði að henta til vinnslu innan veggja fangelsisins og brjóta ekki í bága við samkeppnisreglur. Sértekjur ársins 2002 voru um 3,4 m.kr. á móti ríflega 5,5 m.kr. sértekjum aðeins tveimur árum áður.

Fangelsið Litla-Hrauni

Um áramót starfaði 51 fastráðinn starfsmaður við Fangelsið Litla-Hrauni. Á skrifstofu fangelsisins störfuðu auk forstöðumanns 4 deildarstjórar og 2 skrifstofumenn. Alls störfuðu 43 við fangavörslu og verkstjórn, þar af 4 við flutninga og umsjón með heimsóknnum til fanga auk þess sem sálfræðingur var í fullu starfi við fangelsið.

Starfsemi fangelsisins fer fram í 9 byggingum. Fangar eru vistaðir í þremur þeirra og krefst sú dreifing mikils mannafla. Í hinum byggingunum eru verkstæði, skrifstofur fangelsisins, heimsóknar- og önnur þjónustuaðstaða.

Fangelsið Litla-Hrauni er langstærsta einingin í fangelsiskerfinu. Þar eru 60-65% af heildarfjölda fanga vistaðir í 86 fangarýmum. Voru fangadagar 23.175 á árinu, sem er 3,8% færri en árið áður. Aðalskýringin á fækkuninni er sú, að frá 2. maí til 30. september eða í 5 mánuði á árinu 2002 var Hús 3, sem í eru 22 fangapláss, lokað í sparnaðarskyni. Fangelsið tekur til sín um helming þess fjármagns sem til fangelsismála er veitt. Heildarútgjöld fangelsisins voru rúmar 314 m.kr. og lækkuðu milli árana 2001 og 2002 um 13,1 m.kr. Á Litla-Hrauni sem annars staðar í fangelsiskerfinu var fjárhagslegt aðhald með mesta móti á árinu.

Sértekjur Fangelsisins Litla-Hrauni námu á árinu 55,2 m.kr. Er það rúmlega 22 m.kr. hækkun frá árinu 2001. Skýringin felst ekki aðeins í auknu magni heldur og breyttri verðlagningu á bílnúmeraplötum, en framleiðsla þeirra og sala er sem fyrr uppistaðan í sértekjunum. Önnur verkefni voru svipuð og undanfarin ár s.s. skrúfbútaframleiðsla, brettasmíði, gluggasmíði, steypuvinna og öskjugerð. Auk þess er þvottahús á staðnum og fangar sinna vinnu við þrif, endurbætur og almennt viðhald á fangelsisbyggingum.

Skólahald í Fangelsinu Litla-Hrauni

Eins og áður var skólahald í Fangelsinu Litla-Hrauni á vegum Fjölbrotaskóla Suðurlands. Skólahald vorannar hófst þann 8. janúar. Alls innrituðust 28 nemendur á vorönn en að lokum þreyttu 14 nemendur samtals 65 próf sem voru 136 einingar. Var námsárangur nokkuð góður.

Haustönn hófst þann 26. ágúst. Alls innrituðust 30 nemendur í skólann. Þar af óskuðu 5 eftir því að vera „utanskóla“ enda voru þeir í vinnu í fangelsinu. Aðeins einn þeirra lauk prófi í einum áfanga. Að vanda flosnuðu nokkrir upp úr námi á önninni eða hófu aldrei nám. Á þessari námsönn þreyttu 16 nemendur 49 próf upp á samtals 108 einingar. Námsárangur telst hafa verið vel viðunandi. Einn nemandi fékk leyfi til þess að sækja nám á Selfossi einu sinni í viku. Lauk hann námi í húsasmíði og tók auk þess áfanga sem nýtast í meistaraskólanum.

Kennslugreinar voru 15 á vorönn og 18 á haustönn. Var mjög skert kennsla í sumum þeirra. Fastir kennarar voru 10 á fyrri önninni en 8 á þeirri síðari.

Fangelsið Kvíabryggju

Um áramót voru 8 starfsmenn starfandi við Fangelsið Kvíabryggju. Það voru auk forstöðumanns 5 fangaverðir og 2 starfsmenn í eldhúsi.

Heildarútgjöld fangelsisins jukust um rúmar 0,8 m.kr. vegna samningsbundinna launa-hækkana. Aðrir kostnaðarliðir voru óbreyttir milli ára. Á Kvíabryggju eru 14 fangarými. Fangadagar voru 4.498, sem er 8,2% fækkun frá árinu áður.

Fangelsið Kvíabryggju hefur allmikla sérstöðu meðal fangelsanna. Það stendur á um 30 hektara jörð og er föngum frjálst að fara um innan jarðarmarka í frítímum.

Vinna á Kvíabryggju felst aðallega í beitningu, neta- og fiskikaraviðgerðum og Brettasmíði auk tilfallandi starfa á jörðinni sjálfri og við viðhald húseigna. Sértekjur drógust saman um 1,8 m.kr. á árinu vegna verkefnaskorts, sem var bein afleiðing af því að útgerðirnar, sem unnið er fyrir, voru orðnar kvótalausar.

Fangelsið Akureyri

Fangelsið Akureyri er starfrækt í húsnæði lögreglunnar á Akureyri og hefur svo verið frá því 1978. Fjórir fangaverðir eru starfandi við fangelsið en aðstoðaryfirlöggluþjónn sér um daglegan rekstur. Þar er aðstaða fyrir 9 fanga. Fangadagar á árinu 2002 voru 2.426. Er það 41% fjölgun frá fyrra ári.

Vinna fanga er takmörkuð. Hún felst helst í því að sjá um þrif, alla þvotta og að sinna léttu viðhaldi þegar það fellur til.

Útgjöld jukust um rúmar 6,2 m.kr. milli árána 2001 og 2002. Meginskýringarnar eru tvær: Fangelsið var opið allt árið 2002, en á árinu 2001 var því lokað í 6 vikur yfir sumartímann, líkt og gert var árin 2000 og 1999. Því þurfti að ráða sumarafleysingamenn til starfa. Afleiðing á fjölgun fanga fylgdi einnig veruleg hækkun breytilegs kostnaðar, aðallega vegna fæðis.

I.3 FANGAVARÐASKÓLI RÍKISINS

Framhaldsnámskeið samkvæmt reglugerð um menntun fangavarda var haldið á vorönn 2002 á vegum Fangavarðaskóla ríkisins. Stóð það yfir frá 7. janúar til 15. mars 2002 eða í 10 vikur samtals. Alls voru 11 nemendur við nám á framhaldsönn, þeir sömu og luku grunnnámi á haustönn 2001. Sjö þeirra komu frá Fangelsinu Litla-Hrauni, tveir frá fangelsunum á höfuðborgarsvæðinu og tveir frá Fangelsinu Akureyri. Starfsemi skólans fór fram í Lögregluskóla ríkisins að Krókhálsi eins og árið áður. Eins og áður hefur komið fram hefur Fangavarðaskólinn aldrei átt fastan samastað fyrir utan gamla dómsalinn í Hegningarhúsinu, en þar komust að hámarki átta nemendur fyrir hverju sinni. Aðstæður þar voru heldur ekki eins og best verður á kosið. Það er samdóma álit þeirra sem að skólanum standa, að samstarfið við Lögregluskólann hafi gengið vel og að mjög ákjósanlegt sé að öll aðstaða til kennslu og æfinga sé á sama stað við góðan aðbúnað.

Samtals var kennt í 352 kennslustundir á vorönn og skiptust þær niður á 13 greinar sem báru mismikið vægi, allt frá 5 kennslustundum upp í 50 stundir. Alls komu 10 kennarar eða leiðbeinendur að þessari kennslu. Námsárangur var góður og var meðaleinkunn hópsins í heild 7,95. Í lok annar gerðu nemendur grein fyrir og skiluðu hópverkefnum um málefni tengd starfsemi fangelsa og voru þau vel af hendi leyst. Tveir nemendur fengu ágætiseinkunn og í tilefni af því voru þeim veitt bókaverðlaun. Enginn nemandi á önninni hlaut falleinkunn í neinu fagi.

II. ÝMSAR TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

II. 1 LEYFI ÚR FANGELSI

Á árinu 2002 var 37 fögum veitt samtals 130 dagsleyfi án fylgdar og hafa þau aldrei verið fleiri. Til samanburðar má geta þess að á árinu 2000 fengu 28 fangar 61 slíkt leyfi og á árinu 2001 voru leyfin 107 hjá 34 fögum. Leyfi þessi eru 14 klst. frá kl. 08.00-22.00 og eru háð ströngum skilyrðum. Dagsleyfin eru eitt af þeim úrræðum sem fangelsisfyrirvöld nota til þess að búa langtímafanga fyrir komu út í hið frjálsa samfélag á ný.

Þá fá fangar í vissum tilvikum leyfi í fylgd fangavarða þegar um er að ræða veikindi í fjölskyldu þeirra, fermingu eða skírni barna þeirra eða þegar aðrar mjög sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Samkvæmt reglugerð um leyfi afplánunarfanga til dvalar utan fangelsis nr. 719/1995 er heimilt að veita fanga dagsleyfi án fylgdar þegar hann hefur afplánað 1/3 hluta dæmnds refsitíma, þó ekki eftir skemmri tíma en eitt ár. Fangar sem afplána styttri refsingar fá því engin dagsleyfi. Hegðun fanga verður að hafa verið góð í fangelsinu til þess að slíkt leyfi sé veitt. Fangar sem uppfylla skilyrði fá dagsleyfi á tveggja mánaða fresti fyrsta árið sem leyfi er veitt en einu sinni í mánuði eftir það.


Lítið hefur verið um að fangar misnoti leyfi þessi enda falla þau þá niður í 6-12 mánuði. Af 130 leyfum á árinu 2002 er engin misnotkun skráð.

II. 2 ÁFENGIS- OG FÍKNIEFNAMEDFERÐ Í AFPLÁNUN

Á árinu 2002 var 21 fanga gefinn kostur á að ljúka afplánun í meðferð. Flestir voru vistaðir í Hlaðgerðarkoti eða 11 en aðrir á sjúkrastofnunum SÁÁ, Gunnarsholti og Byrginu. Slík meðferð er yfirleitt miðuð við sex vikur, en einstaka fangi var þó lengri tíma í meðferð einkum í Byrginu. Sextán þessara fanga luku meðferð að fullu en fimm voru vistaðir aftur í fangelsi þar sem þeir rufu skilyrði fyrir vistuninni. Þá raut einn dómþoli sem hóf meðferð fyrir ársbyrjun 2002 skilyrði fyrir vistun. Eins og súluritið hér að neðan sýnir hefur 267 fögum verið veitt heimild til að ljúka afplánun í áfengismeðferð og hafa 194 fangar lokið meðferð eða 73% en 27% verið vistaðir aftur í fangelsi. Súluritið hér að aftan sýnir þessa þróun frá 1990.

Þá er rétt að geta þess að menn frá AA-samtökunum hafa um margra ára skeið haldið reglulega fundi með fögum sem þess óska í öllum fangelsunum. Auk þess starfa tveir sálfræðingar hjá Fangelsismálastofnun sem láta þennan málaflokk mjög til sín taka.


Fjöldi fanga vistaður í áfengis- og fíkniefna- meðferð í afplánun árin 1990 – 2002



II. 3 STROK OG STROKTILRAUNIR ÚR FANGELSI

Á seinni árum hefur verið lítið um strok úr fangelsum eða tilraunir til slíks. Hvorki strok né tilraun til þess er skráð á árinu 2002. Ein tilraun er skráð til stroks á árunum 2000 og 2001. Súluritið sýnir þróunina frá 1986.

Strok og stroktilraunir úr fangelsum árin 1986 – 2002



III. FULLNUSTA REFSIDÓMA

III. 1. AFPLÁNUN HJÁ FÉLAGASAMTÖKUNUM VERND


Á árinu voru 43 fangar vistaðir á áfangaheimili Verndar í Reykjavík síðustu mánuði afplánunartímans og stunduðu þeir þaðan vinnu eða nám. Er þetta svipaður fjöldi og árin á undan. Með þessu móti er dómþolum gefinn kostur á að ljúka afplánun utan fangelsis og aðlagast þannig þjóðfélaginu smám saman. Þessir einstaklingar greiða sjálfir fyrir fæði og húsnæði til Verndar, enda eru þeir flestir í fullri vinnu. Ströng skilyrði eru sett fyrir slíkri vistun og er þeim fylgt vel eftir.

Sjö fangar voru fluttir aftur í fangelsi vegna skilorðsrofa en 36 stóðust öll sett skilyrði fyrir dvölinni.

Samtals hefur 346 föngum verið gefinn kostur á vistun hjá Vernd frá árinu 1995 og hafa 294 þeirra, eða 85% staðist sett skilyrði en 52, eða 15% rofið skilyrði og verið fluttir aftur í fangelsi.

Súluritið sýnir þróunina frá árinu 1995.

Vistun hjá Félagasamtökunum Vernd árin 1995 – 2002




III. 2. SAMFÉLAGSPJÓNUSTA

Á árinu 2002 fjölgaði enn umsóknum um samfélagsþjónustu, en fjölgunin stafar eingöngu af umsóknum um samfélagsþjónustu í stað vararefsinga fésektar og er fyrir-sjáanlegt að þeim fer fjölgandi. Á árinu bárust 130 umsóknir um samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar, þar af 1 beiðni um endurupptöku og 213 umsóknir um samfélagsþjónustu í stað vararefsingar, þar af 3 beiðnir um endurupptöku. Alls er því um 343 umsóknir að ræða en 293 á árinu 2001. Óskilorðsbundnum refsingum, allt að 6 mánuðum, fjölgar lítillega milli áranna 2001 og 2002 þannig að umsóknir um samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar refsingar eru í raun hlutfallslega færri milli ára.

Súlurit 1 sýnir fjölda umsókna um samfélagsþjónustu frá upphafi.


Súlu rit 1 Fjöldi umsókna um samfélagsþjónustu árin 1995 – 2002




Súlu rit 2a sýnir hvernig umsóknir um samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar voru afgreiddar á árinu 2002. Samtals hafa 767 slíkar umsóknir borist Fangelsismálastofnun árin 1995-2002. Samþykktar hafa verið 521 umsóknir eða tæplega 68% en rúmlega 32% hefur verið synjað eða umsóknir dregnar til baka. Hlutföllin halda sér frá árinu áður.

Súlu rit 2b sýnir hvernig umsóknir um samfélagsþjónustu í stað vararefsinga hafa verið afgreiddar. Samtals hafa 475 umsóknir borist Fangelsismálastofnun árin 2000 til 2002. Samþykktar hafa verið 298 umsóknir eða tæplega 63% en rúmlega 37% hefur verið synjað eða umsóknir dregnar til baka. Óveruleg breyting er á hlutföllum þegar árið 2002 bætist við.

Súlu rit 2a Afgreiðslur umsókna um samfélagsþjónustu í stað óskb. fangelsisrefsingar árin 1995 – 2002




Súlurit 2b
Afgreiðslur umsókna um samfélagsþjónustu í stað
vararefsingar árin 2000 – 2002




Af súluritum 3a og 3b má sjá ástæður fyrir því að umsóknum um samfélagsþjónustu er hafnað. Synjunum á þeim forsendum að dómpolar eigi ólokið í málum í refsivörslu-kerfinu hefur fækkað verulega frá árinu 2001 eða úr 53% í 31% vegna samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar og úr 70% í 37% vegna samfélagsþjónustu í stað vararefsingar.

Súlurit 3a
Ástæður synjana á umsóknum um samfélagsþjónustu í
stað óskb. fangelsisrefsingar árin 1995 – 2002




Súlurit 3b
Ástæður synjana á umsóknum um samfélagsþjónustu í stað vararefsinga árin 2000 – 2002





Súlurit 4 sýnir fjölda þeirra sem hefja samfélagsþjónustu innan hvers árs, alls 738, þar af 508 í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar. Þá sýnir súluritið að færri dómþolar sem veitt var samfélagsþjónusta í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar hafði áður afplánað þannig refsingu í fangelsi en árið á undan.

Súlurit 4
Fjöldi þeirra sem veitt var samfélagsþjónusta árin 1995 – 2002





Af súluriti 5a sést hvernig samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar lýkur innan hvers árs, þ.e.a.s. hve margir standast skilyrði samfélagsþjónustu og hve margir rjúfa. Línuritið sýnir hve margir hlutfallslega af þeim sem ljúka samfélagsþjónustu innan árs rjúfa skilyrði samfélagsþjónustu og afplána eftirstöðvar refsinga í fangelsi. Frá upphafi er hlutfallið allt frá 4% til 20% og þegar allt tímabilið er tekið rjúfa tæp 13% skilyrði sem sett eru fyrir samfélagsþjónustu og verður það að teljast mjög góður árangur.

Súlu rit 5a
Fjöldi þeirra sem stóðst/rauf skilyrði
samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar innan hvers árs




Af súlu ritu 5b sést hvernig samfélagsþjónustu í stað vararefsinga fésekta lýkur innan hvers árs, þ.e.a.s. hve margir standast skilyrði samfélagsþjónustu og hve margir rjúfa. Línuritið sýnir hve margir rjúfa skilyrði hlutfallslega af þeim sem ljúka samfélagsþjónustu innan árs og afplána þeir eftirstöðvar refsinga í fangelsi eða greiða eftirstöðvar. Frá upphafi er hlutfall þeirra sem rjúfa frá 14% til 25% og þegar allt tímabilið er tekið rjúfa 20% skilyrði sem sett eru fyrir samfélagsþjónustu og verður það að teljast viðunandi árangur. Á árinu 2000 greiddu 2 af 3 sem rufu skilyrði eftirstöðvar, 2001 6 af 13 og á árinu 2002 15 af 22. Að jafnaði greiða um 60% eftirstöðvar.

Súlurit 5b
Fjöldi þeirra sem stóðst/rauf skilyrði
samfélagsþjónustu í stað vararefsingar innan hvers árs



Á súluriti 6 sést fjöldi fangelsisdaga sem afplánaðir eru með samfélagsþjónustu.

Súlurit 6
Fjöldi fangelsisdaga sem afplánaðir
eru með samfélagsþjónustu innan hvers árs árin 1996 – 2002




III. 3. TÖLULEGT YFIRLIT UM DÓMA OG PRÓUN DÓMAFULLNUSTU

Á árinu 2002 bárust Fangelsismálastofnun til fullnustu og vistunar 1.637 dómar. Frá ríkissaksóknara bárust 1.570 dómur og 63 frá Hæstarétti Íslands. Þá sendi dóms- og kirkjumálaráðuneytið 4 dóma frá Norðurlöndunum með beiðni um fullnustu hér á landi.


Þá bárust stofnuninni 483 viðurlagaákvæðanir og 6743 árituð sektarboð.

Tafla 1.1. sýnir að dómþolum hefur fjölgað frá árinu á undan. Veruleg fjölgun var á dómþolum sem dæmdir voru í sektarrefsingar og hafa ekki fleiri slíkar refsingar borist Fangelsismálastofnun á viðmiðunartímabilinu. Heldur færri dómar bárust til fullnustu þar sem dómþolar voru dæmdir í óskilorðsbundna fangelsisrefsingu á árinu 2002 en á árinu 2001. Samanlagður fjöldi þeirra hefur þó verið ótrúlega jafn viðmiðunarárin eða um og yfir 300 refsingar. Heildarrefsitími óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga lækkaði nokkuð á árinu 2002 eftir talsverða hækkun á árunum 1999-2001 eins og sést af töflu 5. Línuritið hér fyrir aftan sýnir að sektarrefsingum sem stofnuninni berast til fullnustu hefur fjölgað verulega frá árinu 1992 en á árinu 1993 bárust stofnuninni fyrstu viðurlagaákvæðanirnar. Þá fjölgar árituðum sektarboðum sem stofnuninni berast en þau komu fyrst til sögunnar á árinu 1998.

Fjöldi dómpola eftir tegundum refsinga sem bárust til fullnustu árin 1989 – 2002




Innkomin árituð sektarboð til fullnustu árin 1998 – 2002



Á árinu bárust 10 refsingar þar sem frestun á fullnustu refsingar er bundin sérstökum skilyrðum skv. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Tafla 1.2 sýnir m.a. að síðustu tvö árin hafa stofnuninni ekki borist dómar þar sem ungmenni á aldrinum 15-17 ára hafa verið dæmd til óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar.

Fjöldi dómþola í boðun í lok hvers árs, árin 1989 – 2002



Töflur 2.1 og 2.2. sýna m.a. að um 80-100 fangar afplána refsingu í lok hvers árs. Mun fleiri voru í gæsluvarðhaldi í lok árs 2002 miðað við árið 2001 og sama máli gegnir um samfélagsþjónustu. Í árslok 2001 voru samtals 26 dómþolar að afplána refsingu með samfélagsþjónustu en í lok árs 2002 voru þeir þrefalt fleiri eða samtals 78. Heldur fleiri dómþolar eru nú á reynslulausn en næstu árin á undan.

Tafla 3a sýnir að enginn fangi á aldrinum 16-17 ára lauk afplánun eða var í afplánun um tvenn síðustu áramót. Þá hefur föngum á aldrinum 18-20 ára einnig fækkað síðustu árin.


Tafla 3b sýnir að heildarfjöldi þeirra sem luku, rufu eða voru í samfélagsþjónustu um hver áramót hefur verið svipaður. Nánar er fjallað um samfélagsþjónustu í kafla III.2 hér að framan.

Tafla 4a sýnir fjölda fanga, eftir afbrotum, sem luku afplánun á árunum 1998-2002 eða voru í afplánun um hver áramót. Helsta breytingin á milli árunna 2001 og 2002 er sú að föngum sem afplána refsingu fyrir auðgunarbrot fækkar nokkuð og sama gildir um þá sem afplána fyrir ofbeldisbrot. Föngum sem afplána fyrir fíkniefnabrot fjölga enn og eru þeir nú tæplega 32% af heildarfjölda. Geta má þess að árið 1996 (sjá ársskýrslu Fangelsismálastofnunar fyrir árið 1996) var fjöldi þeirra síðastnefndu um 13% af heildinni.


Tafla 4b sýnir afbrot þeirra sem luku eða voru í samfélagsþjónustu um hver áramót í stað þess að afplána refsinguna í fangelsi. Eins og sjá má af töflunni er í langflestum tilvikum um að ræða refsingu fyrir umferðalagabrot og auðgunarbrot en á milli árunna 2001 og 2002 hefur þeim fjölgað sem afplána refsingu fyrir fíkniefnabrot með samfélagsþjónustu. Hér ber að hafa í huga með vísan til 1. mgr. 22. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48/1988 að einungis er unnt að fullnusta refsingu með samfélagsþjónustu ef dæmd refsing er allt að 6 mánuðum.

Fjöldi útlendinga hefur aukist verulega á síðustu tveimur árum. Súluritið hér að aftan sýnir fjölda og tilefni fangavistar þeirra, sem er að mestu fíkniefnabrot.


Fjöldi útlendinga sem luku afplánun eða voru í afplánun um áramótin árin 1996 – 2002




Tilfni fangavistar útlendinga sem luku afplánun eða voru í afplánun um áramótin árin 1996 – 2002



**Fjöldi óskilorðsbundinna refsinga,
sem barst til fullnustu árin 1989 – 2002**



**Heildarrefsítími óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga (í árum talið)
sem barst til fullnustu árin 1989 – 2002**




Af töflu 5 má sjá að heildarrefsítími sem barst til fullnustu var á árinu 2002 179 ár og hafði lækkað talsvert frá árunum á undan eins og áður er getið.

Tafla 6a sýnir fjölda dómþola sem hóf samfélagsþjónustu á árunum 1998-2002. Mikil aukning hefur orðið á samfélagsþjónustu í stað vararefsingar fésekta. Meðaltalsdagafjöldi refsinga að baki samfélagsþjónustu hefur verið frá 45-63 dagar. Eins og sjá má í kaflanum um samfélagsþjónustu hér að framan hafa frá upphafi um 87% staðist skilyrði samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar og 80% staðist skilyrði samfélagsþjónustu í stað vararefsinga. Verður það að teljast mjög góður árangur.


Í töflu 6b er sýnd kynjaskipting dómþola sem hefja samfélagsþjónustu og eru konur þar í miklum minnihluta eða um 3-13% þegar um er að ræða samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar viðmiðunarárin, en hluti kvenna í fangahópnum hefur verið á bilinu 4-10% eins og sjá má af töflu 7d. Hlutfall kvenna sem hefja samfélagsþjónustu í stað vararefsinga er hærra eða um 13-18%.

Fjöldi fanga sem lauk afplánun árin 1989 - 2002



Tölflur 7a-d sýna eingöngu þá fanga sem lokið hafa afplánun á hverju ári en fjöldi þeirra var nánast sá sami á milli árunna 2001 og 2002. Sjá annars um þróunina á þessu sviði á súluritinu hér á undan. Af tölflunni má einnig sjá að meiri hluti þeirra sem ljúka afplánun á árinu 2002 hafa ekki afplánað refsingu áður en á viðmiðunartímabilinu hefur þessu verið öfugt farið. Mikill meiri hluti fanga afplánar skemur en eitt ár. Þá hafa konur í fangahópnum ekki verið fleiri á viðmiðunartímabilinu, en þær voru 10% á árinu 2002.


Meðaltalsfjöldi allra afplánunarfanga á dag árin 1989 – 2002




Tölflur 8a-e sýna heildarafplánun á landinu bæði í fangelsum og utan þeirra. Eins og sjá má af tölflu 8a lækkar fjöldi afplánunardaga á Litla-Hrauni og Kvíabryggju talsvert frá árinu á undan og er hluti skýringar að finna í sumarlokun deilda á Litla-Hrauni árið 2002. Aukning milli ára á Akureyri skýrist einnig af sumarlokun þar á árinu 2001. Afplánaður dagafjöldi á áfangaheimili Verndar eykst nokkuð en afplánun á sjúkrahúsum er minni. Þá fjölga dögum afplánuðum í áfengis- og vímuefnaeðferð. Tafla 8b sýnir að fjöldi gæsluvarðhaldsfanga nú er svipaður og árið 2001. Fjöldi gæsluvarðhaldsfanga

á árinu 2002 er nánast sá sami og árið á undan en þeir voru í hámarki á árinu 2000. Tafla 8c sýnir fækkun vararefsingarfanga. Tafla 8d sýnir að meðaltalsfjöldi allra fanga á dag í öllum fangelsum var 103.1 fangi á árinu 2002 en var árið á undan 107.2 fangar. Meðaltalsfjöldi fanga í fangelsum á hverja 100.000 íbúa lækkaði frá árinu áður, fór úr 37,4 niður í 36,0. Eins og áður er getið er hluta af skýringu á lækkun fangafjölda að finna í sumarlokun deilda á Litla-Hrauni á árinu 2002.


Fjöldi innkoma í fangelsi ríkisins árin 1995 - 2002



Fjöldi þeirra sem hefja vararefsingu að lokinni afplánun og fjöldi þeirra sem hefja afplánun þegar að lokinni gæsluvarðhaldsvist



Fjöldi þeirra sem hefja samfélagsþjónustu innan hvers árs



Tafla 9 sýnir niðurfallna refsingu árin 1998 – 2002. Refsing telst ekki niður fallin fyrr en skilorðstíminn er liðinn eða óafplánaðar eftirstöðvar dæmdar upp. Þannig geta tölur samkvæmt töflu þessari tekið breytingum.

Tafla 10 sýnir að fleiri reynslulausnir voru veittar á árinu 2002 en næstu ár þar á undan og hafa ekki fleiri reynslulausnir verið veittar eftir helming afplánaðs refsitíma en árið 2002 á viðmiðunartímabilinu. Ekki hafa þó verið gerðar breytingar á lögum eða reglugerðum sem gilda um reynslulausnir. Skýringuna má aðallega rekja til breyttrar samsetningar á fangahópnum en útlendingum sem losnuðu á árinu 2002 fjölgaði milli árana 2001 og 2002 en þeim er yfirleitt veitt reynslausn eftir helming refsitíma og vísað úr landi. Þá eru fleiri fangar að afplána í fyrsta sinn á árinu 2002 eins og fram kemur í töflu 7b. Með vísan til reglugerðar um fullnustu refsídóma nr. 29/1993 eru það einkum fangar sem afplána refsingu í fyrsta sinn fyrir minni háttar brot sem fá reynslulausn eftir helming afplánaðs refsitíma.

Töflur 11 og 12 sýna annars vegar heildarfjölda skilorðsbundinna dóma og hins vegar sektardóma á síðustu fimm árum. Helsta breyting á milli árana 2001 og 2002 er fjölgun skilorðsbundinna dóma í flokknum auðgunarbrot/skjalfafals en fækkun í flokknum ofbeldisbrot. Þá hefur orðið veruleg fjölgun á sektardómum fyrir umferðarlagabrot á milli árana 2001 og 2002. Hluttur kvenna í töflum þessum er að jafnaði 14% í hvorri fyrir sig.

Tafla 13 sýnir fjölda dómþola sem dæmdir hafa verið í óskilorðsbundna fangelsisrefsingu eftir brotum. Eins og áður voru flestir dæmdir í óskilorðsbundna fangelsisrefsingu fyrir umferðarlagabrot og á árinu 2002 voru 43,6% þeirra dóma fyrir slík brot. Hluttur kvenna sem dæmdar hafa verið í óskilorðsbundna fangelsisrefsingu á árinu 2002 var 9% og hefur ekki verið hærri viðmiðunarárin, en hlutfall þeirra hefur verið á bilinu 4-7%.

Tafla 1.1

**TEGUNDIR REFSINGA SEM BÁRUST FANGELSISMÁLASTOFNUN TIL
FULLNUSTU ÁRIN 1998 – 2002**

	<i>Fjöldi dómþola árið 1998</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 1999</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 2000</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 2001</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 2002</i>
Óskilorðsbundin refsivist	260	216	254	259	253
Óskilorðsbundin refsivist+sekt	2	10	18	7	12
Óskilorðsbundin refsivist+skilorðsbundin refsivist	43	28	39	34	44
Óskilorðsbundin refsivist+skilorðsbundin refsivist+sekt	0	4	2	2	3
Skilorðsbundin refsivist	359	290	334	382	375
Skilorðsbundin refsivist+sekt	61	84	69	58	31
Skilorðsbundin sekt	3	1	0	1	0
Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið	61	50	44	40	64
Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið+sekt	1	1	0	0	1
Sekt	627	617	639	691	900
Samtals dómþolar:	1417	1301	1399	1474	1683
Fjöldi sektarrefsinga skv. viðurlagaákvörðun	568	479	525	481	490
Fjöldi sektarrefsinga skv. árituðu sektarboði	1753	5100	4760	5148	6743

**Fjöldi skilorðsbundinna refsinga sem barst Fangelsismálastofnun til fullnustu,
þar sem frestun á fullnustu refsingar er jafnframt bundin
sérstökum skilyrðum árin 1998 – 2002**

	<i>Fjöldi dómþola árið 1998</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 1999</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 2000</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 2001</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 2002</i>
Óskilorðsbundin refsivist+skilorðsbundin refsivist	5	4	1	4	1
Óskilorðsbundin refsivist+skilorðsbundin refsivist+sekt	0	0	0	0	1
Skilorðsbundin refsivist	18	10	8	12	6
Skilorðsbundin refsivist+sekt	3	0	2	1	0
Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið	0	1	1	0	1
Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið + sekt	0	0	0	0	1
Samtals dómþolar:	26	15	12	17	10

Tafla 1.2

**TEGUNDIR REFSINGA, SEM BÁRUST FANGELSISMÁLASTOFNUN TIL
FULLNUSTU, ÞAR SEM DÓMÞOLAR ERU 15 – 17 ÁRA VIÐ UPPKVAÐNINGU
DÓMA, VIÐURLAGAÁKVARÐANA OG ÁRITAÐRA SEKTARBOÐA
ÁRIN 1998 – 2002**

	<i>Fjöldi dómþola árið 1998</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 1999</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 2000</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 2001</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 2002</i>
Óskilorðsbundin refsivist	5	0	1	0	0
Óskilorðsbundin refsivist+sekt	0	0	0	0	0
Óskilorðsbundin refsivist+skilorðsbundin refsivist	4	1	1	0	3
Skilorðsbundin refsivist	57	31	42	41	44
Skilorðsbundin refsivist+sekt	18	4	17	4	2
Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið	29	12	11	9	19
Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið+sekt	1	1	0	0	1
Sekt	20	17	19	22	18
Samtals dómþolar:	134	66	91	76	87
Sektarrefsing samkvæmt viðurlagaákvörðun	23	25	23	12	19
Sektarrefsing samkvæmt árituðu sektarboði	60	117	124	97	151
Fjöldi skilorðsbundinna refsinga sem dæmdur er upp v/skilorðsrofs	27	16	19	15	15
Fjöldi skilorðsbundinna refsinga sem dæmdur er upp án skilorðsrofs	9	4	3	2	2

**Fjöldi skilorðsbundinna refsinga þar sem frestun á fullnustu refsingar er
jafnframt bundin sérstökum skilyrðum og dómþolar eru á aldrinum
15 – 17 ára við uppkvaðningu dóma árin 1998 – 2002**

	<i>Fjöldi dómþola árið 1998</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 1999</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 2000</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 2001</i>	<i>Fjöldi dómþola árið 2002</i>
Óskilorðsbundin refsivist + skilorðsbundin refsivist ..	0	1	0	0	0
Skilorðsbundin refsivist	7	2	1	2	0
Skilorðsbundin refsivist + sekt	1	0	0	0	0
Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið	0	1	1	0	1
Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið + sekt	0	0	0	0	1
Samtals dómþolar:	8	4	2	2	2

Tafla 2.1

**SKIPTING DÓMPOLA, SEM DÆMDIR Hafa VERIÐ Í ÓSKILORÐS-
BUNDNA FANGELSIREFSINGU, Í LOK HVERS ÁRS ÁRIN 1998 – 2002**

	1998:		1999:		2000:		2001:		2002:	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Í afplánun	94	33,3	78	29,4	82	29,6	97	32,0	91	26,7
Í boðun	33	11,7	49	18,5	59	21,3	65	21,5	63	18,5
Í samfélagsþjónustu .	20	7,1	19	7,2	22	7,9	14	4,6	37	10,9
Á reynslulausn	128	45,4	114	43,0	112	40,4	124	40,9	146	42,8
Með náðun	2	0,7	3	1,1	2	0,8	3	1,0	4	1,2
Annað*	5	1,8	2	0,8	0	0,0	0	0,0	0	0,0
	282	100,0	265	100,0	277	100,0	303	100,0	341	100,0

* Oftast er um fullnustu erlendis að ræða.

Tafla 2.2

**FJÖLDI FANGA SEM AFPLÁNAR VARAREFSINGU
FÉSEKTA OG SÆTIR GÆSLUVARÐHALDI
Í LOK ÁRANNA 1998 – 2002**

	1998:	1999:	2000:	2001:	2002:
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
Í samfélagsþjónustu í stað vararefsingar	-	-	30	12	41
Í vararefsingu fésekta	2	4	4	7	10
Með náðun á sektarrefsingar	-	-	5	2	1
Í gæsluvarðhaldi	6	16	19	9	19

Tafla 3**a) ALDURSSKIPTING FANGA SEM LUKU AFPLÁNUN EÐA VORU Í
AFPLÁNUN UM ÁRAMÓT ÁRIN 1998 – 2002**

	1998:		1999:		2000:		2001:		2002:	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
16-17 ára	3	1,1	2	0,9	1	0,5	0	0,0	0	0,0
18-20 ára	20	7,5	13	5,6	20	9,1	15	5,9	15	6,0
21-25 ára	59	22,0	43	18,4	45	20,5	74	29,1	76	30,3
26-30 ára	47	17,5	42	17,9	44	20,1	60	23,6	46	18,3
31-35 ára	45	16,8	42	17,9	25	11,4	27	10,6	29	11,6
36-40 ára	33	12,3	38	16,2	36	16,4	41	16,1	36	14,3
41-50 ára	41	15,3	42	17,9	37	16,9	32	12,6	37	14,7
51-	20	7,5	12	5,1	11	5,0	5	2,0	12	4,8
	268	100,0	234	100,0	219	100,0	254	100,0	251	100,0
Meðalaldur:	32,89		33,26		32,58		30,83		31,84	

**b) ALDURSSKIPTING PEIRRA SEM LUKU SAMFÉLAGSPJÓNUSTU Í STAÐ
ÓSKB. FANGELSIREFSINGAR, RUFU EÐA VORU Í SAMFÉLAGSPJÓNUSTU
UM ÁRAMÓT ÁRIN 1998 – 2002**

	1998:		1999:		2000:		2001:		2002	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
16-17 ára	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	1	1,0
18-20 ára	6	6,6	3	3,8	4	4,0	6	5,8	4	3,9
21-25 ára	22	24,2	25	31,6	25	25,3	28	26,9	35	34,3
26-30 ára	16	17,6	17	21,5	22	22,2	19	18,3	15	14,7
31-35 ára	14	15,4	9	11,4	11	11,1	9	8,7	8	7,8
36-40 ára	9	9,9	5	6,3	10	10,1	9	8,7	9	8,8
41-50 ára	17	18,7	16	20,3	19	19,2	25	24,0	23	22,5
51-	7	7,7	4	5,1	8	8,1	8	7,7	7	6,9
	91	100,0	79	100,0	99	100,0	104	100,0	102	100,0
Meðalaldur:	32,56		31,93		33,46		33,26		32,83	

Tafla 4**a) TÍLEFNI FANGAVISTAR ÁRIN 1998 – 2002**

	1998:		1999:		2000:		2001:		2002:	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Manndráp/tilraun til manndráps	10	3,7	10	4,3	13	5,9	16	6,3	13	5,2
Auðgunarbrot/skjalafals	102	38,1	93	39,7	76	34,7	83	32,7	66	26,3
Umferðarlagabrot/nytjataka	37	13,8	30	12,8	43	19,6	39	15,4	55	21,9
Fíkniefnabrot	54	20,1	55	23,5	55	25,1	75	29,5	79	31,5
Kynferðisbrot	28	10,4	22	9,4	10	4,6	14	5,5	14	5,6
Ófbeldisbrot	27	10,1	19	8,1	15	6,8	22	8,7	14	5,6
Brenna	1	0,4	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0
Annað	9	3,4	5	2,1	7	3,2	5	2,0	10	4,0
	268	100,0	234	100,0	219	100,0	254	100,0	251	100,0

**b) AFBROT ÞEIRRA SEM LUKU SAMFÉLAGSPJÓNUSTU Í STAÐ ÓSKB.
FANGELSIREFS., RUFU EÐA VORU Í SAMFÉLAGSPJÓNUSTU
